

Nýtt frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN)

Umsögn stjórnar Sambands Íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) við frumvarp til laga um námslán og námsstyrki - Þingskjal 1373 - 794. Mál.



SÍNE

I. Inngangur

Að neðan má greina umsögn stjórnar SÍNE vegna frumvarps mennta- og menningarmálaráðherra um ný lög um námslán og námsstyrki sem lagt var fyrir Alþingi 16. ágúst sl.

Frumvarpið inniheldur breytingar frá núgildandi lögum sem telja verður til bóta. Helst mætti nefna innleiðingu námsstyrkjakerfis, frestun greiðslna vegna íbúðarkaupa og 100% framfærsla. Hins vegar er einnig að finna breytingar sem virðast grafa undan rétti einstaklinga til að stunda nám sitt án tillits til efnahags. Í því sambandi má nefna gífurlega hækkun vaxta með engu hámarksvaxtaákvæði, jafngreiðslulán, hámark námsaðstoðar og fleira sem verður nánar tilgreint í umsögninni.

Umsögn stjórnar SÍNE skiptist upp í 23 staflíði, frá A-W þar sem verður farið yfir áðurnefnd ákvæði frumvarpsins og þá hvernig frumvarpið viðkemur félagsmönnum SÍNE. Það má þó einnig heimfæra fjölmargar athugasemdir SÍNE við námsmenn hér heima enda virðist frumvarpið sérstaklega bitna á þeim sem fara í láglaunuð störf að loknu háskólanámi, fjölskyldufólki, og þeim sem hafa tekið lán fyrir skólagjöldum.

Það er nauðsynlegt að athugasemdir okkar að neðan verði teknar til ítarlegrar skoðunar af hálfu nefndarinnar til að tryggja að nám verði áfram fyrir alla, án tillits til efnahags. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirrar óvissu sem fylgir frumvarpinu en SUMMA bendir ítrekað á það í greiningu sinni á því.¹

Að lokum má finna samantekt yfir helstu álitamál frumvarpsins og mat stjórnar SÍNE á því hvað betur mætti fara í undirbúningsvinnu frumvarpsins.

¹ Sjá http://www.althingi.is/altext/pdf/145/fylgiskjol/s1373-f_1.pdf.

II. Athugasemdir við einstök ákvæði

A. Námslán teljast ekki til neytendalána.

- a. Það er sérstaklega tilgreint að námslán teljist ekki neytendalán samkvæmt lögum nr. 33/2013 um neytendalán. Í frumvarpinu er nefnt að þetta sé gert til að skerpa á gildandi lagaframkvæmd sbr. 1 og 3. gr. núgildandi laga um neytendalán. Þó ekki sé hér um breytingu að ræða er það mat stjórnar SÍNE að full ástæða sé til að skoða hvort ekki megi fella námslán undir neytendalög sem myndi vafalaust leiða til mun betri málsmeðferðar og verndar réttinda íslenskra námsmanna. (1. gr. frumvarpsins)

1. gr. *Markmið.*

Markmið laga þessara er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir námsaðstoð í formi námsstyrkja og námslána, sbr. ákvæði III. kafla. Námslán eru annars vegar lán til framfærslu og hins vegar lán fyrir skólagjöldum. Námslán teljast ekki neytendalán samkvæmt lögum um neytendalán.

B. Engin skólagjaldalán v. MBA og MPM náms.

- a. Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að lána námsmönnum fyrir skólagjöldum sem stunda nám með vinnu. Dæmi um slíkt nám bæði hér á landi sem og erlendis er MBA nám og MPM nám. Stjórn SÍNE telur að þessi skerðing á réttindum muni leiða til þess að þeir sem hefðu annars leitað sér endurmenntunar og þá bætt við sig þekkingu í þágu samfélagsins muni síður leitast eftir því. Það liggur í það minnsta ljóst fyrir að lítil greining hefur farið fram á þessari skerðingu og afleiðingum hennar. (2. gr. frumvarpsins)

2. gr. *Aðstoðarhæft nám.*

Námsaðstoð er veitt til náms sem lýkur með prófgráðu á háskólastigi við viðurkennda háskóla á Íslandi, sbr. ákvæði laga um háskóla.

Námsaðstoð er veitt til náms sem lýkur með prófgráðu á háskólastigi við viðurkennda háskóla erlendis sem uppfylla sambærilegar kröfur og gerðar eru til háskóla á Íslandi, sbr. 1. mgr.

Lánasjóði íslenskra námsmanna er heimilt samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum að veita námsaðstoð til sérnáms sem uppfyllir að minnsta kosti skilyrði 20. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, enda sé sambærilegt nám ekki í boði á háskólastigi hér á landi.

Sjóðnum er heimilt samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum að veita námsaðstoð til náms á framhaldsskólastigi sem leiðir til starfsréttindaprófs eða annarra skilgreindra námsloka sem miðast við tiltekin störf, sbr. lög um framhaldsskóla, enda sé sambærilegt nám ekki í boði á háskólastigi hér á landi.

Sjóðnum er samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum heimilt að veita einstaklingum 23 ára og eldri námsaðstoð til aðfaranáms, allt að 60 FEIN-einingum, sé námið skipulagt af viðurkenndum háskóla á Íslandi skv. 4. mgr. 19. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Nám á framhaldsskólastigi sem leiðir til stúdentsprófs er ekki aðstoðarhæft hjá sjóðnum.

Nám sem er skipulagt samhliða vinnu er ekki aðstoðarhæft hjá sjóðnum.

C. Skerðing vegna aldurs.

- a. Samkvæmt frumvarpinu er námsaðstoð einungis veitt þeim sem eru yngri en 60 ára og skert við þá sem eru eldri en 50 ára. Ekki er að sjá hvaða rök standa fyrir slíkri mismunun eftir aldri þótt slíkt aldurshámark tíðkist hjá öðrum Norðurlöndum. Réttur einstaklingsins til að stunda nám án tillits til efnahags hlýtur að vega þyngra en fjárhagsleg rök. Þá má einnig velta upp mögulegu ólögmæti þessa ákvæðis en ekki verður séð að nein greining hafi farið fram á því. (4 og 9. gr. frumvarpsins)

4. gr. Almenn skilyrði.

Rétt á námsaðstoð eiga þeir sem uppfylla eftirfarandi almenn skilyrði ásamt skilyrðum í 5., 6. eða 7. gr.:

1. stunda aðstoðarhæft nám, sbr. 2. gr.,
2. eru fjárráða,
3. eru yngri en 60 ára.
4. uppfylla kröfur um lágmarksnámsframvindu samkvæmt úthlutunarreglum,
5. eru ekki í vanskilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjóðurinn ekki þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi,
6. þiggja ekki námsaðstoð frá öðru ríki vegna lánshæfs náms,
7. uppfylla aðrar kröfur sem lög þessi gera til veitingar námsaðstoðar.

9. gr. Hámark námsaðstoðar, áhrif aldurs og takmörkun vegna launaðs náms.

Námsaðstoð er veitt að hámarki til 420 ECTS-eininga óháð námsferli.

Námsaðstoð, sem veitt er einstaklingum sem verða 51 árs á því almanaksári sem aðstoðin er veitt, skal vera 90% af hefðbundinni námsaðstoð samkvæmt þessum lögum, hvort heldur sem er í formi námsstyrks eða námsláns. Fyrir hvert viðbótaraldursár einstaklings á bilinu 52–59 ára lækkar hlutfall námsaðstoðar með sama hætti um 10 prósentustíq þannig að sé sem er 52 ára fær 80% af námsaðstoð, sá sem er 53 ára fær 70% af námsaðstoð og svo framvegis til 59 ára aldurs þar sem hlutfall námsaðstoðar er 10%. Nánar skal mælt fyrir um framkvæmd þessa í úthlutunarreglum. Heimilt er að mæla fyrir um takmörkun námsaðstoðar í úthlutunarreglum ef nám er launað.

D. Skilyrði um engar afskriftir eða vanskil við Lánasjóðinn.

- a. Réttur til námsaðstoðar er bundinn við að vera ekki í vanskilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna og að sjóðurinn hafi ekki þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi. Hér er um afturvirk t ákvæði að ræða í þeim skilningi að þeir sem eru í vanskilum eða hafa hlotið afskriftir í núgildandi kerfi eiga ekki rétt á námsaðstoð.
- b. Ekki er að sjá neina greiningu eða tölur um hversu margir þetta eru og er full ástæða til að kanna það. Þá geta eðlilegar ástæður verið fyrir því að einstaklingur sé í vanskilum við LÍN. Hæglega er hægt að sjá fyrir sér einstakling, með börn á framfæri, sem skyndilega missir vinnuna og fer í vanskil við LÍN með tilheyrandi afskriftum. Sá einstaklingur fengi ekki frekari námsaðstoð hérlendis.
- c. Ákvæðið bitnar þannig helst á lágtekjufólki og þeim sem minna mega sín í íslensku samfélagi. Með þeim hætti fer ákvæðið einnig gegn 1. gr. frumvarpsins um rétt einstaklings til námsaðstoðar án tillits til efnahags. (4. gr. frumvarpsins)

4. gr.

Almenn skilyrði.

Rétt á námsaðstoð eiga þeir sem uppfylla eftirfarandi almenn skilyrði ásamt skilyrðum í 5., 6. eða 7. gr.:

1. stunda aðstoðarhæft nám, sbr. 2. gr.,
2. eru fjárráða,
3. eru yngri en 60 ára,
4. uppfylla kröfur um lágmarksnámsframvindu samkvæmt úthlutunarreglum,
5. eru ekki í vanskilum við Lánasjóð Íslenskra námsmanna og sjóðurinn ekki þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi.
6. þiggja ekki námsaðstoð frá öðru ríki vegna lánshæfs náms,
7. uppfylla aðrar kröfur sem lög þessi gera til veitingar námsaðstoðar.

E. Réttur til náms utan EES takmarkaður.

- a. Réttur til náms utan EES verður nú takmarkaður en ekki er að sjá þau þjóðhagslegu rök sem standa fyrir því að réttur Íslenskra ríkisborgara til námsaðstoðar sé takmarkaður með slíkum hætti. Ekki verður annað séð en að þetta ákvæði feli í sér veigamikla breytingu frá núgildandi lögum. (7. gr. frumvarpsins)

7. gr.

Réttur til aðstoðar vegna náms utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Rétt á námsaðstoð vegna náms utan Evrópska efnahagssvæðisins á námsmaður sem uppfyllir almenn skilyrði skv. 4. gr. ásamt einhverju skilyrða 6. gr. og til viðbótar eitt af eftirtöldum skilyrðum:

1. hefur búið á Íslandi í þrjú ár samanlagt á samfelldu tíu ára tímabili,
2. hefur gengið í skóla á Íslandi í að minnsta kosti þrjú ár,
3. á maka, börn eða foreldra sem búa á Íslandi meðan námsmaður er í námi,
4. hefur að öðru leyti sterk tengsl við Ísland sambærileg framangreindu að mati Lánasjóðs Íslenskra námsmanna og að auki staðfesta fæmi í Íslensku.

F. Námsaðstoð að hámarki veitt vegna 420 ECTS eininga.

- a. Nú er að hámarki veitt námsaðstoð til 420 ECTS-eininga óháð námsferli. Þetta mun bitna helst á doktorsnemunum og þeim sem ákveða að skipta um námsleið. Þá hefur verið bent á að þetta gæti einnig bitnað á læknanemunum. Algengt er að læknanemar komist ekki í námið í fyrstu tilraun og stundi annað nám í jafnvel tvö ár áður en komist er í námið.²
- b. Það hefur verið bent á að svipuð takmörkun sé til staðar á öðrum Norðurlöndum hvað varðar doktorsnema. Hins vegar er víðs vegar komið til móts við það með launuðum doktorsstöðum við háskólanna eða styrkjum. Það að skerða svo harkalega hagsmuni doktorsnema án þess að neinar alvöru aðgerðir liggja fyrir, er umhugsunarvert.³
- c. Tvöföldun á rannsóknarsjóði RANNÍS getur stjórn SÍNE ekki séð að muni vega upp á móti þessari breytingu enda ekki gerð tilraun til þess að skýra það nánar hvað þessir fjármunir muni fara í. Þessi breyting mun draga úr þekkingu á

² Sjá m.a. athugasemdir Félags læknanema <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1883.pdf>.

³ Sjá til að mynda athugasemdir Háskóla Íslands með umsögn þeirra <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-1890.pdf>.

ákveðnum sviðum og jafnrétti einstaklinga til doktorsnáms. Rökin fyrir þessari skerðingu halda einfaldlega ekki vatni. (9. gr. frumvarpsins)

9. gr.

Hámark námsaðstoðar, áhrif aldurs og takmörkun vegna launaðs náms.

Námsaðstoð er veitt að hámarki til 420 ECTS-eininga óháð námsferli.

Námsaðstoð, sem veitt er einstaklingum sem verða 51 árs á því almanaksári sem aðstoðin er veitt, skal vera 90% af hefðbundinni námsaðstoð samkvæmt þessum lögum, hvort heldur sem er í formi námsstyrks eða námsláns. Fyrir hvert viðbótaraldursár einstaklings á bilinu 52–59 ára lækkar hlutfall námsaðstoðar með sama hætti um 10 prósentustig þannig að sá sem er 52 ára fær 80% af námsaðstoð, sá sem er 53 ára fær 70% af námsaðstoð og svo framvegis til 59 ára aldurs þar sem hlutfall námsaðstoðar er 10%. Nánar skal mælt fyrir um framkvæmd þessa í úthlutunarreglum.

Heimilt er að mæla fyrir um takmörkun námsaðstoðar í úthlutunarreglum ef nám er launað.

G. Vaxtastyrkur áfram greiddur út.

- a. Samkvæmt ákvæðinu fær námsmaður greiddann vaxtastyrk en álika ákvæði er að finna í núgildandi lögum. Þessi styrkur er veittur í þeim tilgangi að námsmaður verði í sömu fjárhagslegu stöðu og ef hann hefði fengið námsaðstoðina greidda fyrirfram. Stjórn SÍNE hafði vonast til þess að í frumvarpinu hefði falist greiðsla námsaðstoðar mánaðarlega líkt og tíðkast á Norðurlöndunum.
- b. Stjórn LÍN fær þó frjálssar hendur með ákvörðun vaxtastyrksins. Þannig færi vel á því að viðmiðunarvextir væru ákveðnir í frumvarpinu sjálfu. Stjórn SÍNE sér ekki hvers vegna ekki er hægt að fastmóta þetta atriði betur í lögum. (10. gr. frumvarpsins)

10. gr.

Kröfur um námsframvindu, undanþágur frá þeim og vaxtastyrkur.

Námsaðstoð skal ekki veitt nema námsframvinda sé eðlileg. Í úthlutunarreglum skal mælt fyrir um hvað teljist full námsframvinda og hvað teljist lágmarksnámsframvinda til þess að fá námsaðstoð. Fjárhæð námsaðstoðar, bæði námsstyrks og námslána, lækkar í réttu hlutfalli við námsárangur frá fullri námsframvindu að lágmarksnámsframvindu.

Veita má undanþágu frá kröfum um lágmarksnámsframvindu ef námsmanni er illmögulegt að mati Lánasjóðs íslenskra námsmanna að stunda nám með eðlilegri námsframvindu vegna örorku, framfærslu maka eða barna, alvarlegra veikinda, barneigna, eða vegna þess að honum stendur tímabundið ekki til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Nánar skal mælt fyrir um framkvæmd þessa í úthlutunarreglum.

Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna námsaðstoðar til framfærslu í samræmi við veittu námsaðstoð. Styrkurinn greiðist við útborgun námsaðstoðar til framfærslu og skal ákvarðaður í úthlutunarreglum hvers skólaárs.

H. Námsstyrkur án tillits til fjárhagsstöðu.

- a. Með frumvarpinu er ætlunin að setja loks á fót styrkjakerfi (að hluta) á Íslandi og því ber að fagna og býst stjórn SÍNE við því að íslenskir námsmenn í heild sinni verði ánægðir með þessa stefnubreytingu og vona að hún sé komin til að vera. Það er einnig jákvætt að styrkurinn er verðtryggður þó gagnrýna megi að hann sé jafnhár fyrir alla námsmenn án tillits til fjárhagsstöðu þeirra. Námsstyrkurinn einn og sér verður að telja jákvæða breytingu, en hækkun á vöxtum, jafngreiðslulánafyrirkomulag, íþyngjandi afborganir og fleiri breytingar sem virðast eiga greiða fyrir styrkinn veldur stjórn SÍNE töluverðum áhyggjum.

- b. Breyting þessi kemur til með að vera jákvæðust fyrir þá námsmenn sem búa heima hjá foreldrum sínum eða vinna samhliða námi sínu. Slíkt hið sama gildir ekki um námsmenn erlendis.
- c. Stjórn SÍNE hefur óskað eftir betri dæmum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem sýna með skýrum hætti afleiðingarnar fyrir þá námsmenn sem neyðast til þess að taka há námslán (framfærslu- og skólagjaldalán). Í mörgum tilvikum er slíkt ekki umflúið fyrir námsmenn erlendis jafnvel þó stefnan hafi verið að skerða framfærslulán þeirra allt að 40% síðustu ár.
- d. Vert er þó að geta þess að skýrsla SUMMA sem kemur fram í fylgiskjali frumvarpsins bendir á að greiðslubrði þeirra MA-nema sem taka bæði framfærslulán og skólagjaldalán muni hækka töluvert.⁴ (11. gr. frumvarpsins).

**11. gr.
Námsstyrkur.**

Námsstyrkur til framfærslu á skólaári er 65.000 kr. á mánuði miðað við fulla námsframvindu, sbr. 10. gr. Fjárhæð styrks tekur breytingum fyrir upphaf hvers skólaárs í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs næstliðins almanaksárs fyrir viðkomandi skólaár. Fjárhæðin skal birt í úthlutunarreglum og vera óbreytt alla mánuði skólaársins.

Námsstyrkur er greiddur í lok missiris að uppfylltum námsframvindukröfum og eftir að tilskildu vottorði um námsframvindu hefur verið skilað.

Námsstyrkur er veittur í nýu mánuði á hverju skólaári og skiptist jafnt á haust- og vormissiri eða jafnt á haust-, vetrar- og vormissiri þegar um fjórðungaskóla er að ræða. Heimilt er í úthlutunarreglum að mæla fyrir um að námsstyrkur sé veittur í allt að þrjá mánuði til viðbótar vegna náms á sumarmissiri sem uppfyllir nánari skilyrði úthlutunarreglna.

Námsstyrkur hvers námsmanns er veittur að hámarki í 45 mánuði óháð því hvort veittur er fullur styrkur á hverju missiri eða hlutfallslegur, sbr. 10. gr., og eingöngu í þeim mánuðum sem nám er stundað, sbr. 3. mgr. og nánari ákvæði í úthlutunarreglum.

I. Viðunandi trygging af hálfu lántakanda.

- a. Með frumvarpinu er ekki afnumin heimild stjórnar LÍN til þess að krefja lántaka um að leggja fram viðunandi tryggingu, að mati sjóðsins, ef hann er ekki talinn tryggur lántaki samkvæmt úthlutunarreglum. Stjórn SÍNE á erfitt með að meta þörfina á slíkri lagaheimild og setur alvarlegar athugasemdir við að ekki sé vísað til þeirra sjónarmiða sem eiga ráða för við það mat stjórnar LÍN í úthlutunarreglum. Það að krefja lántakanda um viðunandi tryggingu er íþyngjandi fyrir hann og ekki verður talið heppilegt að stjórn LÍN hafi frjálst mat í þessum efnum. Verði þessi heimild nýtt getur það leitt til skerðingar á jafnrétti námsmanna og fer í bága við 1. gr. þessa frumvarps. (12. gr. frumvarpsins)

**12. gr.
Almenn skilyrði og hámark námslána.**

Námslán eru annars vegar framfærslulán og hins vegar lán fyrir skólagjöldum. Lánasjóði íslenskra námsmanna er heimilt að setja það skilyrði fyrir veitingu námsláns að lántaki leggi fram viðunandi tryggingar að mati sjóðsins teljist hann ekki tryggur lántaki samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum.

Samanlögð heildarfjárhæð námslána sem sjóðurinn lánar hverjum einstaklingi til framfærslu og skólagjalda má að hámarki vera 15 milljónir króna.

Lántaki skal undirrita skuldabréf við hverja lántöku og er sjóðnum heimilt að hafa skuldabréf í rafrænu formi og með rafrænni undirskrift eða annarri fullnægjandi auðkenningu.

Sjóðnum er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánnum.

⁴ Sjá http://www.althingi.is/altxt/pdf/145/fylgiskjol/s1373-f_1.pdf.

J. Hámarksfjárhæð námslána.

- a. Í frumvarpinu er sérstaklega tiltekin hámarksfjárhæð námslána sem er gert til samræmis við það sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum. Sú upphæð nemur 15 milljónum króna og er þá vantalin fjárhæð þess námsstyrks sem mögulegt er að fá fyrstu fimm námsárin (65.000 kr. á mánuði í níu mánuði). Að mati stjórnar SÍNE er mikilvægi þess að setja hámarksfjárhæð námslána mjög takmarkað þar sem um jafngreiðslulán er að ræða. Þannig ef námsmaður tekur frekari námslán þá þyngist greiðslubyrði hans sem því um nemur. Þessi breyting gæti til að mynda bitnað þungt á þeim námsmönnum erlendis sem hafa áður stundað nám á Háskólabrú (60 FEIN einingar að hámarki) og í kjölfarið fimm ár í Háskóla á Íslandi. Sama má segja um þá námsmenn erlendis sem hafa þurft að taka skólagjaldalán. Það skortir hins vegar á allar greiningar með frumvarpinu um hvaða afleiðingar þessi breyting muni hafa fyrir sérgreinda hópa námsmanna.⁵ (12. gr. frumvarpsins)

12. gr.

Almenn skilyrði og hámark námslána.

Námslán eru annars vegar framfærslulán og hins vegar lán fyrir skólagjöldum. Lánasjóði Íslenskra námsmanna er heimilt að setja það skilyrði fyrir veitingu námsláns að lántaki leggi fram viðunandi tryggingar að mati sjóðsins teljist hann ekki tryggur lántaki samkvæmt nánari fyrirætlunum í úthlutunarreglum.

Samanlögð heildarfjárhæð námslána sem sjóðurinn lánar hverjum einstaklingi til framfærslu og skólagjalda má að hámarki vera 15 milljónir króna.

Lántaki skal undirrita skuldabréf við hverja lántöku og er sjóðnum heimilt að hafa skuldabréf í rafrænu formi og með rafrænni undirskrift eða annarri fullnægjandi auðkenningu.

Sjóðnum er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánnum.

K. Lántökugjöld.

- a. Athygli vekur að samkvæmt frumvarpinu er sjóðnum áfram heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánnum. Lántökugjöld eru nú 1,2% af öllum veittum lánnum en þekkjast ekki á Norðurlöndunum. Í frumvarpinu er aukin heldur vísað til þess að nýtt námslánakerfi muni leiða til aukins kostnaðar þannig þörf verði á tveimur nýjum starfsmönnum. Það er með öllu óljóst hvernig LÍN stefnir á að mæta þeim kostnaði og hvort stjórn sjóðsins hyggst innheimta lántökugjöld, sbr almennar athugasemdir með frumvarpinu.
- b. Stjórn SÍNE mótmælir einnig þeirri fyrirhugan að lántaki undirriti skuldabréf við hverja lántöku. Lítið hefur verið minnst á áhrif þessarar breytingar vegna lántökugjalda en ljóst þykir að gjöldin muni hækka umtalsvert miðað við núgildandi lög. Þá verður ekki séð að þetta atriði hafa verið tekið inn í greiningu eða samanburð á milli núgildandi laga og frumvarpsins. (12. gr. frumvarpsins og athugasemdir úr frumvarpi)

⁵ Áðurnefnd greining SUMMA sem fylgir frumvarpinu er mjög takmörkuð að þessu leyti.

12. gr.
Almenn skilyrði og hámark námslána.

Námslán eru annars vegar framfærslulán og hins vegar lán fyrir skólagjöldum. Lánasjóði Íslenskra námsmanna er heimilt að setja það skilyrði fyrir veitingu námslána að lántaki leggi fram viðunandi tryggingar að mati sjóðsins teljist hann ekki tryggur lántaki samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum.

Samanlögð heildarfjárhæð námslána sem sjóðurinn lánar hverjum einstaklingi til framfærslu og skólagjalda má að hámarki vera 15 milljónir króna.

Lántaki skal undirrita skuldabréf við hverja lántöku og er sjóðnum heimilt að hafa skuldabréf í rafrænu formi og með rafrænni undirskrift eða annarri fullnægjandi auðkenningu.

Sjóðnum er heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum lánum.

Almennar athugasemdir úr frumvarpi:

Sjóðnum verður heimilt að innheimta lántökugjöld af veittum útlánum og er heimildin sambærileg og í núgildandi lögum. Lántökugjöldum er ætlað að standa undir kostnaði vegna umsýslu lána. En þó verður að gera ráð fyrir auknum umsýslukostnaði hjá sjóðnum sem kallar á aukin ríkisútgjöld, m.a. vegna styrkveitinga. Gert er ráð fyrir að núgildandi tölvukerfi geti tekið á móti þeim breytingum sem fram koma í frumvarpinu en gera má ráð fyrir að fjölga þurfi um tvo starfsmenn hjá sjóðnum. Áætlaður kostnaður vegna þessa er 20–22 m.kr. auk 5 m.kr. árlegs kostnaðar vegna viðhalds tölvukerfa.

L. Skólagjaldalán takmörkuð eftir námslöndum og námsgráðum.

- a. Nú verður einnig heimilt að mæla fyrir um það í úthlutunarreglum að hámark skólagjaldalána geti verið takmarkað eftir námslöndum og námsgráðum. Stjórn SÍNE leggst eindregið gegn þessari breytingu og á erfitt með að sjá kosti þess að mismuna þannig námsmönnum eftir því hvar þeir sækja nám sitt og hvers konar nám þeir sækja svo lengi sem um viðurkennt háskólanám sé að ræða. Þess konar heimild á skerðingu frelsis einstaklingsins á ekki heima í lögum um lánasjóðinn. (14. gr. frumvarpsins)

14. gr.
Lán fyrir skólagjöldum.

Lánasjóði Íslenskra námsmanna er heimilt að veita lán fyrir skólagjöldum. Í úthlutunarreglum skal nánar mælt fyrir um veitingu skólagjaldalána, svo sem hvað telst til skólagjalda, skilyrði fyrir útgreiðslu skólagjaldalána, lækkun fjárhæðar skólagjaldalána vegna tekna eða styrkja, hámarkslán fyrir skólagjöldum á hverju skólaári, hámark skólagjaldalána á hvern lántaka og hvort hámark skuli vera mismunandi eftir námslöndum og námsgráðum.

Skólagjaldalán eru veitt að uppfylltum námsframvindukröfum og eftir að tilskildu vottorði um námsframvindu hefur verið skilað.

Heimilt er að greiða út skólagjaldalán fyrir fram, þ.e. áður en námsframvinda liggur fyrir, fyrir eitt missiri við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema. Slík útgreiðsla er þó bundin því skilyrði að námsframvindukröfur verði uppfylltar á viðkomandi missiri, en að því marki sem námsframvindukröfur verða ekki uppfylltar er um ofgreitt lán að ræða.

M. Ofgreidd námsaðstoð innheimt með óverðtryggðum vöxtum.

- a. Ákvæði frumvarpsins um ofgreidda námsaðstoð miðar við að hægt sé að innheimta óverðtryggða vexti ef lánþegi hefur veitt rangar upplýsingar eða af öðrum ástæðum. Í þessu felst mjög rúm heimild fyrir lánasjóðinn og mætti til að mynda velja því upp hvort að Lánasjóðurinn gæti innheimt slíka vexti við ofgreidda námsaðstoð þar sem ekki er við lánþega að sakast.

15. gr.
Ofgreidd námsaðstoð.

Nú fær lántaki ofgreidda námsaðstoð samkvæmt lögum þessum og reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna rangra upplýsinga eða af öðrum ástæðum og er þá sjóðnum heimilt að innheimta ofgreidda upphæð með vöxtum í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánum frá þeim degi þegar greiðslan fór fram og til þess tíma þegar innheimta má dráttarvexti af vanskilum samkvæmt almennum reglum.

N. Námslán verða að 40 ára verðtryggðum jafngreiðslulánum.

- a. Námslán verða enn verðtryggð á sama tíma og eðli þeirra hefur breyst þar sem nú er um jafngreiðslulán að ræða. Að mati stjórnar SÍNE er það eitt helsta hagsmunamál námsmanna að námslán verði gerð óverðtryggð. Í þessu samhengi er vert að minnast þess að námsmenn fengu ekki að njóta þeirra skuldaleiðréttingar sem átti sér stað fyrr á þessu kjörtímabili. Þá er stefnt að því að banna sams konar húsnæðislán en á sama tíma eru þau kynnt námsmönnum. Það er þó jákvætt, líkt og fyrr segir, að námstyrkurinn verði einnig verðtryggður. (16. frumvarpsins)

16. gr.
Lánakjör.

Námslán skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt.

Vextir af lánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hvert skólaár skulu vera 2,5% að viðbættu álagi sem jafngildir væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Álag skal ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs. Námslán bera vexti frá þeim degi þegar lán er greitt út til námsmanns og skulu vextir greiddir á sömu gjalddögum og afborganir.

O. Vextir á námslánum ótakmarkaðir.

- a. Með frumvarpinu verða vaxtakjör námsmanna óviðunandi. Samkvæmt frumvarpinu verða vextir nú 2.5% verðtryggðir auk álags. Samkvæmt núgildandi lögum eru þeir 1-3% verðtryggðir en heimildin til að hækka þá úr 1% hefur ekki verið nýtt í úthlutunarreglum síðustu ár. Vextir verða með frumvarpinu ekki einungis 2,5% heldur að viðbættu álagi sem jafngildir væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Samkvæmt nýlegri skýrslu Summa sem birt var á vefsíðu LÍN verður ekki annað séð en að spáð sé töluverðum afföllum á næstu misserum.⁶ Það er því alvarlegt mál að innleiða svo opna heimild til þess að hækka vexti og er í raun um frjálst mat stjórnar LÍN að ræða. Þannig er engin sérstaklega ákvörðuð prósentu af afföllum ákveðin í lögum og að því er virðist ekkert sem hindrar það að vextir verði til að mynda 5%. Það er mjög mikilvægt að þessu verði breytt og viðbótarálagið verði afnumið úr frumvarpinu og vextir verði að hámarki 1% (16. frumvarpsins).

16. gr.
Lánakjör.

Námslán skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt.

⁶ Sjá skýrslu SUMMA um fjárhagslega áhættu: http://lin.is/lin/UmLIN/Utgefid_efni/Annad_efni.html.

Vextir af lánum Lánasjóðs Íslenskra námsmanna fyrir hvert skólaár skulu vera 2,5% að viðbættu álagi sem jafngildir væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Álag skal ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs. Námslán bera vexti frá þeim degi þegar lán er greitt út til námsmanns og skulu vextir greiddir á sömu gjalddögum og afborganir.

P. Breyting á upphafsdegi vaxta.

- a. Þá ber frumvarpið með sér breytingar á upphafsdegi vaxta. Í núgildandi lögum er það eftir lok náms en samkvæmt frumvarpinu munu námslán bera vexti frá þeim degi þegar lán er greitt út til námsmanns. Ekki verður annað séð en að þetta eigi eftir að leiða til verulegs aukins kostnaðar fyrir námsmenn og er þessu mótmælt af stjórn SÍNE enda um íþyngjandi breytingu að ræða án gilds rökstuðnings. (16. gr. frumvarpsins)

16. gr. Lánakjör.

Námslán skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög um vísitölu neysluverðs. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt.

Vextir af lánum Lánasjóðs Íslenskra námsmanna fyrir hvert skólaár skulu vera 2,5% að viðbættu álagi sem jafngildir væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Álag skal ákveðið í úthlutunarreglum hvers árs. Námslán bera vexti frá þeim degi þegar lán er greitt út til námsmanns og skulu vextir greiddir á sömu gjalddögum og afborganir.

Q. Endurgreiðslur námlána hefjast fyrr.

- a. Endurgreiðslur munu samkvæmt frumvarpinu hefjast einu ári eftir námslok en samkvæmt núgildandi lögum hefjast endurgreiðslur almennt tveimur árum eftir námslok. Ekki má gleyma í því sambandi að endurgreiðslur samkvæmt núgildandi lögum eru tekjutengdar að hluta. Samkvæmt frumvarpinu munu námsmenn því greiða fulla afborgun eftir ár frá námslokum. Hér skortir á allar greiningar á stöðu ungs fólks eftir háskólanám með tilliti til atvinnumöguleika. Stjórn SÍNE gerir alvarlegar athugasemdir við þetta og ekki verður séð að við útreikning og samanburð á núgildandi lögum og frumvarpinu sé tekið tillit til þessara breytinga. (17. gr. frumvarpsins)

17. gr. Endurgreiðslur.

Endurgreiðslur námlána hefjast einu ári eftir námslok. Námslok teljast frá þeim tíma þegar námsmaður hættir að þiggja námslán frá Lánasjóði Íslenskra námsmanna, en stjórn sjóðsins úrskurðar um vafatilfelli. Námsmaður getur sótt um að fresta námslokum allt að fimm ár ef hann heldur áfram aðstoðarhæfu námi eftir að hann hættir að þiggja námslán.

Endurgreiðslutími námlána er almennt 40 ár en þó skal námslán ávallt vera að fullu greitt á því ári þegar lántaki nær 67 ára aldri. Þegar styttri tími en 40 ár eru til þess tíma að lántaki verði 67 ára skal endurgreiðslutími taka mið af því að lánið verði að fullu greitt við 67 ára aldur, þ.e. með því að draga lífaldur við upphaf endurgreiðslu frá 67 ára aldri.

Námslán skulu endurgreidd sem jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum. Vextir skulu reiknaðir fyrir allan lánstímann en þeim síðan skipt niður ásamt afborgunum af höfuðstól í jafnháar fjárhæðir á hvern gjalddaga. Fjárhæð hvers gjalddaga breytist með vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu lánsins. Samkvæmt því skal lánþegi greiða viðbót við hverja greiðslu sem svarar til breytingar sem hverju sinni hefur orðið frá grunnvísitölustigi fram til gildandi vísitölustigs hvers gjalddaga.

Endurgreiðslur námlána samkvæmt framangreindu skulu greiddar mánaðarlega fyrsta hvers mánaðar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á hverjum gjalddaga endurgreiðslur vegna allra skuldabréfa lántaka. Lántaka ber að greiða kostnað sem hlýst af innheimtu hværrar greiðslu og ofgreiðslu skv. 15. gr.

Lántaka er heimilt að greiða lán örur en mælt er fyrir um í lögum þessum án aukins kostnaðar.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns er heimilt að fella öll útgefin skuldabréf lántaka í gjalddaga.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld hefur verið í gjalddaga.

Nánar skal mælt fyrir um framkvæmd þessarar greinar í úthlutunarreglum.

R. Endurgreiðslubyrði verður þyngri fyrir fjölda námsmanna.

- a. Samkvæmt frumvarpinu verða endurgreiðslur námslána almennt framkvæmdar á 40 ára tímabili. Í frumvarpinu segir að námslán skulu endurgreidd sem jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum. Í stuttu máli leiðir ákvæðið almennt til þess að heildarfjárhæð láns verði dreift niður á alla 12 mánuði ársins í fjörutíu ár. Afborganir verða því mun þyngri eftir því sem lánið og vextirnir verða hærri. Það er engin föst upphæð í þeim skilningi heldur er hún miðuð við heildarfjárhæð láns. Það gefur augaleið að þetta ákvæði á eftir að bitna harðast á fjölskyldufólki sem oft þarf að taka hærri lán en aðrir og þeim einstaklingum sem sækja sér nám erlendis en það hefur nánast undantekningarlaust með í för sér hærri kostnað, ýmist í framfærslu eða vegna skólagjalda. Ákvæðið skerðir því rétt einstaklings til að stunda nám sitt án tillits til efnahags og fer gegn 1. gr. frumvarpsins. (17. gr. frumvarpsins).

17. gr. Endurgreiðslur.

Endurgreiðslur námslána hefjast einu ári eftir námslok. Námslok teljast frá þeim tíma þegar námsmaður hættir að þiggja námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, en stjórn sjóðsins úrskurðar um vafatílfelli. Námsmaður getur sótt um að fresta námslokum allt að fimm ár ef hann heldur áfram aðstoðarhæfu námi eftir að hann hættir að þiggja námslán.

Námslán skulu endurgreidd sem jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum. Vextir skulu reiknaðir fyrir allan lánstímann en þeim síðan skipt niður ásamt afborgunum af höfuðstól í jafnháar fjárhæðir á hvern gjalddaga. Fjárhæð hvers gjalddaga breytist með vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu lánsins. Samkvæmt því skal lánþegi greiða viðbót við hverja greiðslu sem svarar til breytingar sem hverju sinni hefur orðið frá grunnvísitölustigi fram til gildandi vísitölustigs hvers gjalddaga.

Námslán skulu endurgreidd sem jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum. Vextir skulu reiknaðir fyrir allan lánstímann en þeim síðan skipt niður ásamt afborgunum af höfuðstól í jafnháar fjárhæðir á hvern gjalddaga. Fjárhæð hvers gjalddaga breytist með vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu lánsins. Samkvæmt því skal lánþegi greiða viðbót við hverja greiðslu sem svarar til breytingar sem hverju sinni hefur orðið frá grunnvísitölustigi fram til gildandi vísitölustigs hvers gjalddaga.

Endurgreiðslur námslána samkvæmt framangreindu skulu greiddar mánaðarlega fyrsta hvers mánaðar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á hverjum gjalddaga endurgreiðslur vegna allra skuldabréfa lántaka. Lántaka ber að greiða kostnað sem hlýst af innheimtu hverrar greiðslu og ógreiðslu skv. 15. gr.

Lántaka er heimilt að greiða lán örar en mælt er fyrir um í lögum þessum án aukins kostnaðar.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns er heimilt að fella öll útgefin skuldabréf lántaka í gjalddaga.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld hefur verið í gjalddaga.

Nánar skal mælt fyrir um framkvæmd þessarar greinar í úthlutunarreglum.

S. Sá sem lýkur námi 30 ára hefur þyngri greiðslubyrði en sá sem lýkur námi 25 ára.

- a. Þegar sá tími þangað til einstaklingur verður 67 ára er styttri en 40 ár frá lokum náms verður greiðslubyrði enn þyngri þar sem frumvarpið miðar við að námslán verði að fullu greidd 67 ára. Þessi breyting mun hafa veruleg áhrif á námsmenn erlendis. Til að mynda eru ófá dæmi um að námsmaður sæki sér viðbótarmenntun eftir 27 ára aldurinn. Með frumvarpinu myndu endurgreiðslur

hans verða enn þyngri en annarra. Áður hafði stjórn LÍN skert frítekjumark námsmanna erlendis sem leiddi til frekari skerðingar á þeirra framfærsluláni.

- b. Þannig getur námsmaður erlendis verið að koma af vinnumarkaði í þeim tilgangi að sækja sér viðbótarmenntun og auka þar með þekkingu íslensks samfélags. Svo dæmi séu tekin væri sá sem lýkur námi 30 ára með þyngri greiðslubyrði en sambærilegur einstaklingur sem lýkur námi 25 ára þrátt fyrir að hafa fengið sömu fjárhæð lánaða frá LÍN og að staða þeirra sé að öðru leyti sambærileg. (17. gr. frumvarpsins)

17. gr. Endurgreiðslur.

Endurgreiðslur námslána hefjast einu ári eftir námslok. Námslok teljast frá þeim tíma þegar námsmaður hættir að þiggja námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, en stjórn sjóðsins úrskurðar um vafatilfelli. Námsmaður getur sótt um að fresta námslokum allt að fimm ár ef hann heldur áfram aðstoðarhæfu námi eftir að hann hættir að þiggja námslán.

Endurgreiðslutími námslána er almennt 40 ár en þó skal námslán ávallt vera að fullu greitt á því ári þegar lántaki nær 67 ára aldri. Þegar styttri tími en 40 ár eru til þess tíma að lántaki verði 67 ára skal endurgreiðslutími taka mið af því að lánið verði að fullu greitt við 67 ára aldur, þ.e. með því að draga lífaldur við upphaf endurgreiðslu frá 67 ára aldri.

Námslán skulu endurgreidd sem jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum. Vextir skulu reiknaðir fyrir allan lánstímann en þeim síðan skipt niður ásamt afborgunum af höfuðstól í jafnháar fjárhæðir á hvern gjalddaga. Fjárhæð hvers gjalddaga breytist með vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu lánsins. Samkvæmt því skal lánþegi greiða viðbót við hverja greiðslu sem svarar til breytingar sem hverju sinni hefur orðið frá grunnvísitölustigi fram til gildandi vísitölustigs hvers gjalddaga.

Endurgreiðslur námslána samkvæmt framangreindu skulu greiddar mánaðarlega fyrsta hvers mánaðar. Heimilt er að innheimta í einu lagi á hverjum gjalddaga endurgreiðslur vegna allra skuldabréfa lántaka. Lántaka ber að greiða kostnað sem hlýst af innheimtu hvers greiðslu og ofgreiðslu skv. 15. gr.

Lántaka er heimilt að greiða lán örur en mælt er fyrir um í lögum þessum án aukins kostnaðar.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns er heimilt að fella öll útgefin skuldabréf lántaka í gjalddaga.

Endurgreiðslur eru aðfararhæfar án undangengins dóms eða sáttar ef um vanskil er að ræða. Sama gildir um eftirstöðvar skuldar sem felld hefur verið í gjalddaga.

Nánar skal mælt fyrir um framkvæmd þessarar greinar í úthlutunarreglum.

T. Frestun endurgreiðslu vegna íbúðarkaupa.

- a. Nú verður mögulegt að fresta allt að helmingi hversrar endurgreiðslu námslána í allt að 60 mánuði vegna fyrstu kaupa lántaka á íbúðarhúsnæði. Almennt mætti telja þetta jákvæða breytingu en afborgunartíminn lengist hins vegar ekki um samsvarandi árafjölda. Þannig bætast frestaðar afborganir ofan á höfuðstólinn. Það leiðir til þess að greiðslubyrði lántakenda þyngist að liðnum 60 mánuðum enda er um jafngreiðslulán að ræða sem þarf að greiða upp við 67 ára aldurinn. Auk þess verður að nefna að breytingin hjálpar lítið því unga fólki sem þegar hefur lokið námi en er fast í foreldrahúsum eða á leigumarkaði eftir lok náms. Sama má heimfæra yfir þá sem munu eftir sem áður ekki eiga upp í afborgun til húsnæðiskaupa. (18. gr. frumvarpsins)

18. gr. Frestun endurgreiðslu.

Lánasjóði íslenskra námsmanna er heimilt að fenginni umsókn að veita frest á endurgreiðslum námslána sem veitt eru samkvæmt lögum þessum í allt að 12 mánuði í senn vegna verulegra fjárhagserfiðleika af völdum náms, atvinnuleysis, veikinda, slyss, þungunar, umönnunar barna eða maka eða annarra sambærilegra aðstæðna sem koma skyndilega upp. Lántaki getur að hámarki fengið frestun á endurgreiðslum samkvæmt þessari málsgrein í 36 mánuði samanlagt.

Þá er heimilt að fresta allt að helmingi hvernar endurgreiðslu námslána sem veitt eru samkvæmt lögum þessum í allt að 60 mánuði vegna fyrstu kaupa lántaka á íbúðarhúsnæði.

Lántaki skal sækja um frest, sem felur í sér beiðni um skilmálabreytingu, eigi síðar en 30 dögum eftir fyrsta gjaldþaga sem sótt er um frestun á. Varðandi frestun helmings endurgreiðslu vegna fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði skal umsókn hafa borist eigi síðar en einu ári eftir gerð kaupsamnings. Sá sem sækir um frestun skal veita þær upplýsingar sem sjóðurinn telur skipta máli.

Frestun endurgreiðslu er háð því skilyrði að undirrituð sé skilmálabreyting þess efnis að reiknuðum endurgreiðslum á frestímabilinu verði bætt við höfuðstól lánsins.

Endurgreiðslur námslána sem verða gjaldkræfar eftir að lántaki andast falla sjálfkrafa niður.

Nánar skal mælt fyrir um framkvæmd þessarar greinar í úthlutunarreglum.

U. Fjármálafyrirtæki geta séð um ýmsa afgreiðslu fyrir hönd Lánasjóðsins.

- a. Í frumvarpinu er að finna efnislega samhljóða heimild og í núgildandi lögum til að fela fjármálafyrirtækjum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu. Að mati stjórnar SÍNE getur það einungis aukið útgjöld Lánasjóðsins og/eða námsmanna að fela öðrum afgreiðslu sem LÍN getur sjálft séð um. (21. gr. frumvarpsins)

21. gr. Stjórn.

Ráðherra skipar stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Einn stjórnarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra námsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra framhaldsskólánema, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa ráðherra og ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá eða tilnefndi sítt hann skemur. Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

Helstu verkefni stjórnar sjóðsins eru:

1. að móta áherslur í starfi sjóðsins,
2. að hafa eftirlit með starfsemi og fjárreiðum sjóðsins,
3. að gera tillögur til ráðherra að úthlutunarreglum, sbr. 2. mgr. 28. gr.,
4. að skera úr vafamálum er varða einstaka lántaka og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Ákvörðunum stjórnar varðandi málefni einstakra lántaka má vísa til málskotsnefndar, sbr. 23. gr., innan þriggja mánaða frá tilkynningu um ákvörðun.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela fjármálafyrirtækjum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu.

Bókhaldi skal haga samkvæmt leiðbeiningum Fjársýslu ríkisins.

V. Lántakandi greiðir af tveimur lánnum samtímis.

- a. Stjórn SÍNE mótmælir því að frumvarpið geri ráð fyrir því að lántaki greiði af fleiri en einu námsláni á sama tíma. Í þeim tilvikum þar sem lántaki hefur fengið veitt námslán í tíð núgildandi eða eldri laga fær hann ekki frest til að byrja borga af námslánunum sínum samkvæmt frumvarpinu. Ekki verður séð að nein greining hafi farið fram á þessu ákvæði og lítið farið fyrir því í umræðunni. Það er ljóst að þetta mun fela í sér mun íþyngjandi greiðslubyrði fyrir þá lántakendur sem falla undir ákvæðið. (30. gr. frumvarpsins)

30. gr.

Endurgreiðsla námslána samkvæmt lögum þessum og eldri námslána.

Innheimta námslána sem veitt eru samkvæmt lögum þessum frestast ekki þótt lántaki endurgreiði einni námslán sem veitt voru í tíð eldri laga, samkvæmt svokölluðum V-, T-, R- eða G-skuldabréfum.

Ef lánþegi skuldar fleiri en eitt námslán sem veitt voru í tíð eldri laga og eitt eða fleiri þeirra eru námslán sem veitt voru á árunum 1992–2004, svokölluð R-lán, skal endurgreiða R-lánin fyrst áður en önnur lán sem veitt voru í tíð eldri laga verða greidd. Skuldi lánþegi fleiri en eitt námslán sem veitt voru í tíð eldri laga, önnur en R-lán, skal hann fyrst endurgreiða elsta námslánið af þeim lánnum sem veitt voru í tíð eldri laga, þá næstelsta og svo framvegis þar til öll námslán sem veitt voru í tíð eldri laga hafa verið greidd.

W. Ný skuldabréf í miðju námi.

- a. Stjórn SÍNE mótmælir því að skuldabréfum þeirra sem þegar hafa hafið nám sitt á grundvelli núgildandi laga verði lokað og opnuð verði ný skuldabréf samkvæmt frumvarpinu. Lánþegar hafa gert ráðstafanir á grundvelli núgildandi laga og er með öllu ótækt að þeirra högum verði stefnt í uppnám með íþyngjandi breytingum á námslánakerfinu áður en þeir hafi lokið námi sínu. (36. gr. frumvarpsins)

36. gr.

Lokun skuldabréfa.

Við gildistöku laga þessara skal loka opnum skuldabréfum vegna veitingar námslána samkvæmt eldri lögum, þó þannig að fyrst skal ljúka útgreiðslu námslána vegna skólaársins 2015–2016 á grundvelli þeirra úthlutunarreglna sem gilda fyrir það skólaár. Af því leiðir að 15. janúar 2017 skal þeim skuldabréfum sem enn voru opin vera endanlega lokað.

Endurgreiðslur námslána samkvæmt skuldabréfum sem lokað er skv. 1. mgr. hefjast tveimur árum eftir námslok. Um námslok og frestun námsloka fer að öðru leyti eftir 1. mgr. 17. gr.

III. Samantekt

Að ofan má finna helstu athugasemdir okkar í stjórn SÍNE við nýtt frumvarp um námslán og námsstyrki. Við höfum ávallt lagt áherslu á að stigið verði varlega til jarðar með allar breytingar á Lánasjóðnum og að um slíkar breytingar þurfi að ríkja víðtæk samstaða í þjóðfélaginu. Við minnum jafnframt á mikilvægi þess að standa vörð um LÍN sem félagslegan jöfnunarsjóð.

Stjórn SÍNE lýsir yfir miklum vonbrigðum yfir því að ekki hafi verið meira samstarf haft við námsmannahreyfingar og aðra hagsmunaaðila við vinnslu frumvarpsins. Í þeim efnum er vert að nefna að enginn fulltrúi námsmanna átti sæti í nefnd þeirri er mennta- og menningarmálaráðherra skipaði 3. nóvember 2015 til að endurskoða lög um LÍN.

Hér þarf sérstaklega að hafa í huga að námsmenn sem hyggja á nám erlendis eru í flestum tilfellum búnir að skipuleggja nám sitt með miklum fyrirvara og með góðum undirbúningi og þurfa að vita af öllum meiriháttar breytingum í góða tíð. Þannig verður að telja með öllu ótækt að frumvarpið verði látið ná til þeirra námsmanna sem eru í miðju námi og hafa þegar gert ráð fyrir ákveðinni námsaðstoð á grundvelli núgildandi laga.

Einstaka jákvæðar breytingar felast í frumvarpinu en það eru helst innleiðing námsstyrks, frestun vegna fyrstu íbúðarkaupna og 100% framfærsla.⁷ Þá eru þær tæmandi taldar. Hins vegar eru fjölmörg atriði sem þarf að staldra betur við og greina hvaða afleiðingar þær muni hafa fyrir fjölbreytilega hópa samfélagsins.

Hér er vert að nefna, ótakmarkaða vaxtahækkun, hámark námslána og námseininga, frekari lántökugjöld, afnám tekjutengingar, jafngreiðslulánakerfi og margt fleira. Helsta greining frumvarpsins sem vert er að nefna í þessu sambandi er af hálfu SUMMA og er í fylgiskjali með því.⁸ Aðrar greiningar sem vert er að nefna voru framkvæmdar af hálfu Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Stjórn SÍNE hefði viljað sjá mun ítarlegri greiningar á áhrifum frumvarpsins á mismunandi hópa samfélagsins. Þannig virðist frumvarpið bitna sérstaklega á fjölskyldufólki, þeim sem velja að taka langt háskólanám, lágtekjuhópum og þeim sem taka lán fyrir skólagjöldum. Sem dæmi mætti nefna eftirfarandi hópa sem ítarlegri greiningar hefðu þurft að liggja fyrir um.

Fjölskyldufólk

- Einstætt foreldri með eitt, tvö eða fleiri börn.
 - Lengd háskólanáms
 - Háskólabrú, BA og MA gráða
 - Skólagjaldalán

⁷ Vert er að athuga að ekki verður séð að kveðið sé á um 100% framfærslulán í frumvarpinu sjálfu heldur má ráða af athugasemdum með frumvarpinu að gert sé ráð fyrir því að svo verði í framkvæmd. Að mati stjórnar SÍNE hefði mátt hafa ákvæði hér um í frumvarpinu sjálfu.

⁸ Sjá http://www.althingi.is/alttext/pdf/145/fylgiskjoli/s1373-f_1.pdf.

- Sambúðarfólk með eitt, tvö eða fleiri börn.
 - Lengd háskólanáms
 - Háskólabrú, BA og MA gráða
 - Skólagjaldalán
 - Námsleiðaval
 - Vélvirkjar, bókmenntafræðingar, heimspekingar, verkfræðingar, læknar, kennarar o.fl.

Einstaklingar

- Einstaklingur sem leigir íbúðarhúsnæði einn erlendis
 - Háskólabrú, BA og MA gráða
 - Skólagjaldalán
 - Námsleiðaval
 - Vélvirkjar, bókmenntafræðingar, heimspekingar, verkfræðingar, læknar, kennarar o.fl.

Ofangreindir hópar eru langt frá því tæmandi taldir en sýna vel hversu mikið skortir á greiningar og samanburð hvað varðar greiðslubyrði þessara aðila eftir núgildandi lögum og því frumvarpi sem nú er til skoðunar. Þannig bendir SUMMA á að það ríki veruleg óvissa um áhrif frumvarpsins. Það eitt og sér ætti að hvetja til þess að það sé skoðað betur og með ítarlegri og vandaðri hætti. Það er mun betra að flýta sér hægt.

Einnig er tekið undir með Háskóla Íslands um að þetta muni skerða fjölbreytileika náms og nemendur muni í auknu mæli þurfa að velja sér nám sem gefur af sér sem hæstar tekjur hverju sinni til að standast undir íþyngjandi greiðslubyrði.

F.h. stjórnar Sambands Íslenskra námsmanna erlendis



Jóhann Gunnar Þórarinnsson

stjórnarformaður